

Heimastjórn Fljótshálsa - 30 (5.1.2023) - Ósk um umsögn, matsáætlun, Vindorkugarður í Klausturseli

Málsnúmer : 202212063
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 05.01.2023

Inngangur : Fyrir heimastjórn Fljótshálsa liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun, dagsett 5. desember 2022, við matsáætlun fyrir allt að 500 MW vindorkugarði í landi Klaustursels. Frestur til að skila umsögn hefur fengist framlengdur frá 5. janúar til 16. janúar 2023.

Niðurstaða : Fyrir heimastjórn Fljótshálsa liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun, dagsett 5. desember 2022, við matsáætlun fyrir allt að 500 MW vindorkugarði í landi Klaustursels. Frestur til að skila umsögn hefur fengist framlengdur frá 5. janúar til 16. janúar 2023.

Heimastjórn Fljótshálsa samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að senda umsögn heimastjórnar til Skipulagsstofnunar.

Heimastjórnin vekur athygli á því að ekki liggur fyrir stefna sveitarfélagsins í vindorkumálum né heldur heildarstefna ríkisins. Af því tilefni minnir heimastjórnin á fyrri bókun um málefnið frá 4. ágúst síðastliðnum. Heimastjórnin telur mikilvægt að við stefnumótun fari fram samanburður á kostum landnotkunar, heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku og eða álagningar gjalda vegna starfsemi og efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélög. Því beinir heimastjórn Fljótshálsa því til sveitarstjórnar Múlaþings að taka málefni uppbyggingar vindorkugarða til umfjöllunar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.